

Sveitarfélagið Skagafjörður
Sæunn Kolbrún Þórólfsdóttir
Skagfirðingabraut 17
550 Sauðárkrókur

Reykjavík, 4. apríl 2024
UST202403-187/A.B.
10.04.02

Efni: Lýsing - Breytingar á aðalskipulagi Sveitarfélagsins Skagafjarðar 2020 - 2035

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Sveitarfélagsins Skagafjarðar er barst 14. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu að nokkrum breytingum á aðalskipulagi Sveitarfélagsins Skagafjarðar 2020 - 2035.

Í greinargerð kemur fram breytingin nær til Depla í Fljótum vegna verslunar og þjónustu, og flugvallar, verslunar og þjónustu við Brautarholt-Mýri og Efra-Haganes I, athafnasvæðisins AT-2 Stóru-Brekku, Gýgjarhóls vegna skógræktar og landgræðslusvæðis og verslunar- og þjónustusvæðis, verslunar og þjónustu VP-8 vegna breytttrar afmörkunar og byggingarmagns, efnistöku- og efnislosunarsvæði E-401 og E-404, efnistöku- og efnislosunarsvæði E-48 þar sem gert er ráð fyrir nýju efnistökusvæði í landi Litlu-Grafar 2, Hafna H-401 vegna breytinga á byggingarmagni, íbúðarbyggð ÍB-404 vegna breytingar á byggingarmagni og veitna og helgunarsvæða þeirra VH-401.

Vatnamál

Umhverfisstofnun bendir á að ef skipulagsáætlunin hefur áhrif á vatnshlot þarf að fjalla um áhrif hennar á vatn í samræmi við lög um stjórn vatnamál og vatnaáætlun með viðeigandi matsþáttum, matsspurningum og viðmiðum.

Umhverfisstofnun bendir á að ekki er fjallað um lög nr. 36/2011 um stjórn vatnamála og vatnaáætlun 2022-2027¹ í greinargerð. Lögin ná yfir grunnvatn og allt yfirborðsvatn (þ.e. straumvötn, stöðuvötn, árósavatn, strandsjó, lón og jökla). Fram kemur í 28. gr. laganna þar sem fjallað er um réttaráhrif vatnaáætlunar, að opinberar áætlanir á vegum stjórnvalda, svo sem vegna skipulagsmála, náttúruverndar, orkunýtingar og samgangna, skulu vera í samræmi við þá stefnumörkun um vatnsvernd sem fram kemur í vatnaáætlun og lögum nr. 36/2011 um stjórn vatnamála.

Við endurskoðun eða breytingu skipulagsáætlunar sveitarfélags skal, þegar við á, samræma skipulagsáætlunina vatnaáætlun innan sex ára frá staðfestingu vatnaáætlunar. Sveitarfélagið þarf að fjalla um og meta áhrif skipulagsins á vatnshlot þar sem það á við (þar sem fyrir séð er álag á vatn). Einnig bendir Umhverfisstofnun á að mikilvægt er að framkvæmdaraðilar séu upplýstir um að ítarlegra áhrifamat þarf að liggja fyrir áður en leyfi

fyrir framkvæmdir og/eða starfsemi er veitt. Þau framkvæmdaleyfi sem sveitarfélagið gefur út þurfa að vera í samræmi við stefnumörkun vatnaáætlunar og lög um stjórn vatnamála.

Öll vatnshlot hafa umhverfismarkmið um ástand, en þau eru lagalega bindandi og má ástand vatnshlotanna ekki hnigna, hvorki tímabundið né varanlega.

Yfirborðsvatnshlot (strandsjór, stöðuvötn og straumvötn) eiga að vera í að minnsta kosti góðu vistfræðilegu ástandi og góðu efnafræðilegu ástandi.

Öll grunnvatnshlot eiga að hafa góða magnstöðu og vera í góðu efnafræðilegu ástandi. Það eru umhverfismarkmið þeirra vatnshlota og ástand þeirra má ekki rýrna.

Mat á umhverfisáhrifum

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt 1. mgr. 19. gr. laga nr. 111/2021 skulu tilkynningarskyldar framkvæmdir sem tilgreindar eru í flokki B í 1. viðauka við lögin háðar umhverfismati þegar þær eru taldar líklegar til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif vegna umfangs, eðlis eða staðsetningar skv. 2. viðauka. Sama á við um framkvæmdir sem eru að umfangi undir viðmiðunarmörkum í flokki B í 1. viðauka ef þær eru fyrirhugaðar á verndarsvæði, sbr. iii. lið 2. tölul. 2. viðauka.

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson

sérfræðingur

Rakel Sæmundsdóttir

sérfræðingur